

**Sp.**

**353. Tillaga til þingsályktunar**

[141. mál]

um flóabát fyrir Breiðafjörð.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Benedikt Gröndal, Jón Árnason,  
Ásgeir Bjarnason, Daniel Ágústínusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa smíði á flóabát fyrir Breiðafjörð.

**G r e i n a r g e r ð .**

Í sambandi við störf samvinnunefndar samgöngumála um framlög til hinna ýmsu báta og skipa, sem annast flutninga með ströndum fram, bar á góma hina brýnu þörf fyrir stærra og traustara skip til að annast flutninga um Breiðafjörð í stað m/b „Baldurs“, sem mörg undanfarin ár hefur annast þessa þjónustu. M/b „Baldur“ er gamalt skip, sem getur hvergi nærri annast vöruflutninga að og frá Breiðafirði, svo að viðunandi sé. Sérstaklega gætir þess yfir vetrarmánuðina, þegar þörfin er brýnust fyrir flutninga. Á fundi nefndarinnar var mættur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, hr. Guðjón Teitsson, sem mælti eindregið með því, að stærra og heppilegra skip yrði smíðað til að annast þessa þjónustu fyrir Breiðafjarðarbyggðir. Hefur nefndinni borizt eftirgreint bréf frá forstjóranum, dags. 7. þ. m.:

„Með skírskotun til samtals við háttvirta nefnd staðfestist, að vér mundum telja heppilegt, að fengið yrði nýtt flóaskip fyrir Breiðafjörð í stað núverandi flóabáts, m/b „Baldurs“, og jafnframt teljum vér, að hið nýja skip ætti að leysa m/s „Skjaldbreið“ að mestu frá Breiðafjarðarferðum, en í staðinn ætti hún að geta farið nokkurn veginn hálfsmánaðarlegar ferðir milli Reykjavíkur og Vestfjarða, sem yrði mjög vel þegið af Vestfirðingum og hentaði skipinu betur, því að satt að segja hafa verkefni þess í Breiðafjarðarferðum, ásamt m/b „Baldri“, oftast verið allt of lítil. Hið nýja Breiðafjarðarskip yrði að vera sérstaklega byggt. Það yrði að hafa nokkurt farþegarúm í svefnklefum og e. t. v. varamöguleika fyrir svefnrúm í sal, t. d. með því að breyta sófum í svefnrúm, eins og gert er í m/s „Herjólf“.

Skipið yrði að vera eins grunnskreitt og fært þætti frá því sjónarmiði að vera þó traust og öruggt strandferðaskip á umræddri leið. Það yrði að hafa góðan búnað til lestunar og losunar vara, enda lítur út fyrir, að langmestur hluti skipsins yrði fyrir vöruflutninga.“

Eins og um ræðir í bréfi forstjórans, er áriðandi, að væntanlegt skip verði byggt grunnskreitt, þar sem það þarf að annast flutninga á Hvammsfjörð, Gilsfjörð og á hafnir við norðanverðan Breiðafjörð, þar sem grunnsævi er mikið. Flutningsmenn telja sjálfsagt, að mál þetta verði undirbúið og framkvæmt í samvinnu við núverandi eigendur m/b „Baldurs“.

Nánar í framsögu.